

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Nóvember 2021

Skráð atvinnuleysi í nóvember var óbreytt frá október og mældist 4,9%

Skráð atvinnuleysi var 4,9% í nóvember og var óbreytt frá október. Alls fækkaði atvinnulausum að meðaltali um 78 frá októbermánuði. Yfirleitt er aukning í atvinnuleysi milli þessara mánaða. Þannig nam meðalaukning atvinnuleysis um 5,0% milli október og nóvember árin 2009 til 2021. Aukin eftirspurn á þessum árstíma í mörgum atvinnugreinum er meðal skýringa. Þannig er fjölgun atvinnulausra í byggingargreinum minni í nóvember en áður auk þess sem fækkun atvinnulausra í verslun er í stað fjölgunar almennt í nóvember. Einnig eru breytingar á fjölda atvinnulausra í ferðaþjónustugreinum nú í nóvember yfirleitt til fækkunar í stað fjölgunar almennt í mánuðinum.

Atvinnulausir voru alls 10.155 í lok nóvember, 5.719 karlar og 4.436 konur. Atvinnulausum körlum fjölgaði

um 134 frá októberlokum en atvinnulausum konum fækkaði um 62.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum eða 9,5%. Þar fjölgaði atvinnulausum um 34 frá fyrri mánuði.


Næst mest var atvinnuleysið 5,1% á höfuðborgarsvæðinu en þar minnkaði það úr 5,2% frá fyrri mánuði. Á landsbyggðinni jókst hinsvegar atvinnuleysið um 0,3 prósentustig.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni lítið breytast í desember og verða á bilinu 4,9% til 5,1%.

Alls höfðu 4.083 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok nóvember og fækkaði um 169 frá október. Hins vegar voru þeir 3.919 í nóvemberlok 2020.

Alls komu inn 426 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í nóvember. Um fjölbreytt störf var að ræða, flest störfin voru stjórnunar og sérfræðistörf eða 158 störf.

Alls voru 4.175 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok nóvember og fjölgaði um 106 frá fyrri mánuði.



Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi minnkaði á höfuðborgarsvæðinu um 3,6% að meðaltali en jókst á landsbyggðinni um 5,5% að meðaltali. Atvinnuleysi á landinu öllu breyttist hins vegar lítið eins og áður kom fram.


Atvinnuleysi jókst mismikið í einstökum landshlutum, frá október þannig jókst það meira á Norðurlandi vestra, (11 fleiri), á Norðurlandi eystra (57 fleiri) og á Vesturlandi (19 fleiri) en hlutfallslega minna annars staðar á landsbyggðinni.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í nóvember eða 9,5% og jókst úr 9,2% í október. Næst mest var atvinnuleysið 5,1% á höfuðborgarsvæðinu.

Minnst var atvinnuleysi í nóvember á Norðurlandi vestra og Austurlandi eða 2,1% og 2,7% á Vesturlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í október og nóvember.


Almennt atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á þremur svæðum, á höfuðborgarsvæðinu þar sem það var 5,3% meðal karla og 4,8% meðal kvenna, á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 2,6% og atvinnuleysi

kvenna 1,5% og á Norðurlandi eystra þar sem það var 4,1% meðal karla og 4,0% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í nóvember.



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru alls 10.155 í lok nóvember, 5.719 karlar og 4.436 konur og fjölgaði atvinnulausum körlum um 134 frá októberlokum en atvinnulausum konum fækkaði um 62.

Alls voru 992 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok nóvember og hefur þeim fjölgað um 16 frá októberlokum en fækkað um 1.248 frá nóvember 2020 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldrarsbili var 2.240.

Lengd á skrá

Alls höfðu 4.083 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok nóvember og fækkaði um 169 frá október. Hins vegar voru þeir 3.919 í nóvemberlok 2020.

Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði fækkaði talsvert frá október eða um 246 og voru 1.807 í lok nóvember en 2.053 í lok október. Í nóvember 2020 var þessi fjöldi 5.961.

Atvinnugreinar og starfsstéttir

Atvinnulausum fækkaði m.a. í opinberri þjónustu, í verslun, í sérfræðiþjónustu, í farþegaflutningum og í upplýsingatækni á bilinu rúmlega 1% til tæpra 7% frá október. Þeim fjölgaði hin vegar lítilsháttar í sjávarútvegi, byggingariðnaði, gistiþjónustu og ýmiss konar þjónustustarfsemi.


Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fækkaði atvinnulausum frá októberlokum aðallega meðal sérfræðinga og lítilsháttar meðal sérmenntaðra, í þjónustustörfum og í sölu- og afgreiðslustörfum en fjölgaði meðal annars á meðal verkafólks, og iðnaðarmanna.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 4.175 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok nóvember og fjölgaði um 106 frá október. Mesta hlutfallslega fjölgun atvinnulausra frá október var m.a. í mannvirkjagerð, lítilsháttar fjölgun atvinnulausra var í gisti/ferðaþjónustu en fækkun atvinnulausra frá október var meðal annars í veitingaþjónustu, í iðnaði, í opinberri þjónustu og í menningartengdri starfsemi.


Þessi fjöldi samsvarar um 11,3% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 41% í nóvember.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir almennir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 2.008 sem er um 48% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar, Lettar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok nóvember 2021




Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í nóvember gaf Vinnumálastofnun út 205 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 164 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 94 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 111 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í nóvember hvort sem var nýtt eða framlengt fengu sérfræðileyfi eða 61 leyfi. Þá voru gefin út 42 námsmannaleyfi og 35 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í nóvember voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræði- eða sérmenntunar eða 37% og 25% vegna þjónustustarfa. Um 14% voru vegna starfa verkafólks. Um 24% starfa voru í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í nóvember 2021



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 24 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í nóvember 2021 með samtals 120 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 498 í nóvember á vegum 16 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 51%, 21% frá Litháen og 15% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 13% starfsmanna komu frá 10 öðrum ríkjum.


Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umslu með. Í nóvember voru gefin út 89 slík

vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 59 einstaklingar og fjórir fóru til Lettlands. Þá voru gefin út 26 vottorð til viðbótar til 12 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, nóvember 2021



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í nóvember voru gefin út 59 slík vottorð. Flest vottorðin voru gefin út til Póllands, eða 16 vottorð, 10 vottorð voru gefin út til Tékklands og sjö til Litháen. Þau sem eftir standa, eða 26 vottorð, voru gefin út til 12 annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun í nóvember

Alls komu inn 426 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í nóvember. Um fjölbreytt störf var að ræða, flest störfin voru stjórnunar- og sérfræðistörf eða 158 störf. Flest auglýstra starfa eru átaksverkefni eða reynsluráðningar eða um 80%, önnur teljast almenn störf. Um það bil 56% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 17% á Suðurnesjum og 8% á Suðurlandi. Þá eru 19% annars staðar á landinu.

Tæplega 250 ráðningarsamningar voru gerðir í nóvember í áttakinu Hefjum störf. Hægt er að skoða fjölda auglýstra starfa og ráðningar í áttakinu Hefjum störf ef smelt er á eftirfarandi hlekk:

<https://vinnumalastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplýsingar/maelabord-hefjum-storf>

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	158	37%
Þjónustustörf	40	9%
Afgreiðslustörf	40	9%
Iðnaðarmenn	57	13%
Verkaþólk í þjónustu	131	31%
Samtals	426	100%

Pátttaka í vinnumarkaðsúrræðum


Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Vinnumálastofnun leggur mikla áherslu á að halda fólki í virkni enda sýna rannsóknir fram á mikilvægi þess. Allar þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar bjóða upp á námskeið af ýmsum toga í samstarfi við símenntunarstöðvar og aðra námskeiðshaldara. Þá stendur atvinnuleitendum til boða að taka þátt í þjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur.

Í nóvember tóku 6.223 einstaklingar þátt í hinum ýmsu úrræðum. Um 536 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna

starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu. Þá fóru 437 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið og starfstengd námskeið. Þá voru 402 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 235 einstaklingar voru skráðir í úrræðið Nám er tækifæri þar sem atvinnuleitendum býðst að stunda fullt nám á atvinnuleysisbótum í eina önn.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í nóvember unnu 55 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá voru 4.558 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir á ráðningarstyrk innan fyrirtækja og stofnana.

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í nóvember 2021



Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum